

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2002

frá 31. maí 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2002 frá 19. apríl 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/15/EB frá 15. febrúar 2001 um efni sem bæta má í sérfæði í sérstökum næringarfræðilegum tilgangi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB frá 8. mars 2001 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni blýs, kadmíums, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/61/EB frá 8. ágúst 2001 um notkun tiltekinna epoxýafleiða í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun 2001/15/EB hefur að geyma tilvísun í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽⁵⁾ sem ekki er hluti af samningnum en verið er að athuga hvort eigi að fella hana inn í hann.
- 6) Tilskipun 2001/22/EB hefur að geyma tilvísun í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 ⁽⁶⁾ sem ekki er hluti af samningnum en verið er að athuga hvort eigi að fella hana inn í hann.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 12 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.2001, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 215, 9.8.2001, bls. 26.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 43, 14.5.1997, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 54zh (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „54zi. **32001 L 0015:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/15/EB frá 15. febrúar 2001 um efni sem bæta má í sérfæði í sérstökum næringarfræðilegum tilgangi (Stjtið. EB L 52, 22.2.2001, bls. 19).
- 54zj. **32001 L 0022:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB frá 8. mars 2001 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni blýs, kadmíums, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum (Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 14).
- 54zk. **32001 L 0061:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/61/EB frá 8. ágúst 2001 um notkun tiltekinna epoxýafleiða í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið. EB L 215, 9.8.2001, bls. 26).“

2. gr.

Texti tilskipana 2001/15/EB, 2001/22/EB og 2001/61/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann